



# SIÐAREGLUR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Ásta Bjarnadóttir  
frkv.stj. mannauðs- og gæðamála í HR

# Siðareglur HR

- 1) Við virðum þá sem læra og starfa innan skólans sem einstaklinga, komum fram við þá af tillitsemi og gætum trúnaðar gagnvart þeim.

# Siðareglur HR

- 2) Við komum í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð.

# Siðareglur HR

- 3) Við stöndum vörð um heiður skólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.

# Siðareglur HR

- 4) Við vinnum öll okkar verk innan HR af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama.

# Siðareglur HR

- 5) Við leitum þekkingar af heilindum og hlutlægni, og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.

# Siðareglur HR

- 6) Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um hagsmuni þeirra sem taka þátt í rannsóknum okkar.

# Siðareglur HR

- 7) Við virðum fræðilegt sjálfstæði, vinnum ávallt samkvæmt eigin sannfæringu og látum hagsmunatengsl ekki hafa áhrif á niðurstöður okkar.

# Siðareglur HR

- 8) Við virðum hugverkaréttindi, eignum okkur ekki heiðurinn af hugmyndum annarra, og getum ávallt þeirra heimilda sem við notum, í samræmi við venjur vísindasamfélagsins.

# Siðareglur HR

- 9) Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.

# Siðareglur HR

- 10) Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.

# “Þitt hugverk – Þitt framlag”

- Reglur sem voru settar til að skýra nánar ákveðna þætti siðareglanna
- Hluti af **„Náms- og prófareglum HR”**
- Þitt hugverk = „Þú tekur ekki efni frá öðrum”
- Þitt framlag = „Þú ert ekki „farþegi” í hópavinnu”

# *Ef þú telur að siðareglur hafi verið brotnar (af nemanda eða starfsmanni) ...*

1. Deildarforseti í þinni deild
2. Þriggja manna siðanefnd:
  - Steinn á kennslusviði, Margrét Vala í lagadeild, Luca í tölvunarfræðideild.
  - Nefndin hefur sett sér málsmeðferðarreglur.
  - Sl. vetur voru tvö mál afgreidd formlega af nefndinni, en fjölmörg til viðbótar afgreidd beint af kennurum og stjórnendum í deildum.